

Árshlutareikningur Byggðastofnunar janúar – júní 2011

Árshlutareikningur Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar til júní 2011, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 31. ágúst 2011.

Hagnaður tímabilsins nam 14,8 mkr. Samkvæmt árshlutareikningnum er eigið fé stofnunarinnar neikvætt um 483 mkr.

Helstu niðurstöður úr árshlutareikningi Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar til júní 2011

- Hagnaður stofnunarinnar á tímabilinu nam 14,8 mkr.
- Hreinar vaxtatekjur voru 332 mkr. eða 47,5% af vaxtatekjum, samanborið við 259,2 mkr. (35,2% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur á sama tímabili 2010.
- Rekstrartekjur námu 196 mkr.
- Almenn rekstrargjöld námu 239,3 mkr., samanborið við 246,3 mkr. á sama tímabili 2010
- Framlög í afskriftarreikning útlána, og matsbreyting hlutafjár nam 273,9 mkr.
- Eignir námu 16.993 mkr. og hafa lækkað um 1,5 mkr. frá áramótum. Þar af voru útlán og fullnustueignir 14.383 mkr.
- Skuldir námu 17.270 mkr. og hafa hækkað um 11 mkr. frá áramótum.
- Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings námu 227,6 mkr.
- Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki er -2,41% en skal að lágmarki vera 8%

Um árshlutareikninginn

Hagnaður tímabilsins nam 14,8 mkr. samanborið við 991,7 mkr. tap á sama tímabili 2010. Skýrist þetta fyrst og fremst með lægri framlögum á afskriftarreikning útlána og gengishagnaði upp á 41,6 mkr. í stað 118 mkr. gengistaps árið 2010. Framlög á rekstrarreikning námu 273,4 mkr. samanborið við 1.102 mkr. á sama tímabili 2010.

Hreinar vaxtatekjur námu 332 mkr. og hafa hækkað um 28% frá sama tímabili 2010. Hreinar vaxtatekjur stofnunarinnar námu 47,5% af vaxtatekjum.

Horfur

Í lok tímabilsins stóðst stofnunin ekki eiginfjárkröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja. Það leiðir til þess að ríkissjóður verður sem eigandi stofnunarinnar að taka til þess afstöðu á síðari hluta ársins hvort halda beri starfsemi áfram í óbreyttri mynd, og þar með nýju eigin fé.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu adalsteinn@byggdastofnun.is

Lykiltölur úr árshlutareikningi

	30.6.2011	2010	30.6.2010	2009	30.6.2009	2008
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur						
Vaxtatekjur	698.795	1.211.531	727.192	1.979.323	1.018.099	1.972.204
Vaxtagjöld	366.790	677.608	467.972	1.294.718	592.527	1.512.583
Hreinar vaxtatekjur	332.005	533.922	259.220	684.605	425.572	459.621
Rekstrartekjur	196.045	228.635	97.841	509.256	310.189	1.230.450
Hreinar rekstrartekjur	528.050	762.558	357.061	1.193.861	735.761	1.690.071
Rekstrargjöld	513.233	3.390.472	1.348.717	4.208.477	2.399.054	2.218.055
Hagnaður (-tap)	14.816	-2.627.914	-991.656	-3.014.616	-1.663.293	-527.984
Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og matsbreyting hlutabréfa	273.912	2.894.164	1.102.353	3.720.936	2.161.483	1.660.399
Efnahagsreikningur						
Eignir	30.6.2011	31.12.2010	30.6.2010	1.7.1905	30.6.2009	30.6.1905
Sjóður og kröfur á lánastofnanir	1.589.015	1.875.859	1.958.425	2.167.413	2.729.364	2.472.498
Útlán	14.382.762	14.063.814	16.298.927	17.763.366	18.901.353	19.703.499
Eignahlutir í félögum	926.886	951.483	1.046.095	1.054.191	1.031.819	1.064.417
Aðrar eignir	94.363	103.318	154.276	2.729.331	127.780	68.517
Eignir samtals	16.993.025	16.994.474	19.457.723	23.714.302	22.790.316	23.308.932
Skuldir og eigið fé						
Lántökur	17.240.473	17.229.307	18.203.850	22.438.604	22.780.294	21.661.349
Aðrar skuldir	235.729	263.161	115.609	145.778	128.779	103.046
Skuldir samtals	17.476.202	17.492.468	18.319.458	22.584.381	22.909.073	21.764.395
Eigið fé	-483.177	-497.993	1.138.265	1.129.921	-118.756	1.544.537
Skuldir og eigið fé samtals	16.993.025	16.994.474	19.457.723	23.714.302	22.790.319	23.308.932
Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings	227.588	220.659	374.503	368.282	374.783	363.914
Sjóðstreymi						
Handbært fé frá rekstri	233.330	-1.621.193	-2.103.648	522.028	447.902	1.018.910
Fjárfestingarhreyfingar	144.088	132.408	2.535.693	-703.979	-664.964	-3.019.491
Fjármögnunarhreyfingar	-664.262	1.197.231	-641.033	-123.133	473.928	2.573.931
Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé	-286.844	-291.554	-208.988	-305.084	256.866	573.350
Handbært fé í ársbyrjun	1.875.859	2.167.413	2.167.413	2.472.498	2.472.498	1.899.148
Handbært fé í lok tímabils	1.589.015	1.875.859	1.958.425	2.167.414	2.729.364	2.472.498
Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki	-2,41%	-2,40%	5,18%	4,92%	-4,74%	2,80%